

L Ö G

47

25. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa
framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á móti framlögum án endurgjalds samkvæmt samningi frá 3. júlí 1948 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu.

2. gr.

Að svo miklu leyti sem framlög þessi eru ekki notuð til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, sem taldar eru í áætlun þeirri til langs tíma, sem lögð hefur verið til grundvallar efnahagssamvinnunni af Íslands hálfu, skal leggja til hliðar jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til kaupa á þessum vörum.

3. gr.

Jafnvirði framlags án endurgjalds í islenzkum gjaldeyri, að fráðregnum 5%, má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Emil Jónsson.

L Ö G

48

25. maí

um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heiti hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti útgerðar og skipshafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Trygging samkvæmt lögum þessum er skyldutrygging.